



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. febrúar 2024

2402011SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks, 584. mál

Vísað er til tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 24. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Framkvæmdaáætlunin felur í sér safn aðgerða til að koma í framkvæmd ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem ætlunin er að lögfesta á Íslandi.

Afstaða sambandsins

Í stefnumörkun sambandsins fyrir 2022 – 2026 segir m.a. eftirfarandi:

„Unnin verði heildarstefna um málefni fatlaðs fólks með forgangsráðaðri og fjármagnaðri aðgerðaáætlun.“

Fyrirliggjandi þingsályktun er að mati sambandsins jákvætt skref í þá átt að ná heildarsýn í málefnum fatlaðs fólks. Líkt og rakið er í þingsályktuninni var hún unnin í víðtæku samráði og þar tóku fulltrúar sambandsins virkan þátt. Heilt yfir tekur sambandið því undir á framtíðarsýn, markmið, áherslu og verkefni sem sett eru fram í þingsáætluninni.

Fjármögnun málaflokksins

Óhjákvæmilega er þó að nefna að eins og fram kemur í skýringum með þingsályktuninni þá lúta margar aðgerðir að mótun tillagna eða þróun þjónustu sem getur haft í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Má þar t.d. nefna aðgerðir sem lúta að húsnæðismálum, aðgengi og aðgengisfulltrúum.

Tekið er fram að sá kostnaður sem komi til með að fylgja laga- eða reglugerðabreytingum verði metinn samhliða undirbúningi og vinnu að slíkum breytingum í hverju tilfalli fyrir sig. Það er vissulega jákvætt en nauðsynlegt er að því verði fylgt markvisst eftir.

Frá því að sveitarfélögin tóku yfir þjónustu við fatlað fólk hafa stjórnvöld og Alþingi tekið fjölmargar stefnumarkandi ákvarðanir í málaflokknum sem hafa ekki alltaf verið kostnaðarmetnar, annað hvort alls ekki eða ekki með fullnægjandi hætti. Hefur þetta gert það að verkum að fjármögnun málaflokksins hefur ekki verið fullnægjandi sem hefur haft mjög mikil áhrif á fjárhag sveitarfélaganna.

Nú síðast í desember gerði sambandið samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun málaflokksins en ennþá er margt sem út af stendur og áfram þarf að vinna að. Þá er einnig ljóst að ef fram heldur sem horfir mun kostnaður við málaflokkinn að óbreyttu aukast mjög á næstu árum og þá er ekki búið að taka tillit til aukins kostnaðar vegna verkefna sem koma út úr eftirfylgni við þingsályktunina sem hér er til umfjöllunar.

Í ljósi framangreinds leggur sambandið því mikla áherslu á að það fyrirheit sem gefið er um kostnaðarmat aðgerða gangi eftir og biðlar til þingsins um að styðja sveitarfélögin í því. Að öðrum kosti næst ekki sú framþróun í málaflokknum sem allir vilja sjá.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur